

Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. desember 2015
UST201510-149/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028. Leirutangi

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Fjallabyggðar 2008 – 2028.

Skipulagssvæðið

Leirutangi er stærsta óbyggða undirlendið á Siglufirði, en svæðið er landfylling á leirum austan Snorragötu á Siglufirði. Svæðið er gamall urðunarstaður og hefur verið þar tippur fyrir jarðefni og óvirkan úrgang undanfarin ár.


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi


Áætlanir á Leirutanga breytast þannig að athafnasvæði minnkar úr 6 ha í 1,8 ha. Íbúðasvæði er fellt út. Í staðinn er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota fyrir tjaldsvæði og fuglagriðland. Einnig er fallið frá áætlaðri landfyllingu.

Umhverfisstofnun tekur undir það að ekki er ásættanlegt að grafið sé á gömlu urðunarsvæði.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreindar breytingar og telur þær jákvæðar.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur